

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/6/30

frá 3. júní 1999

varðandi spurningalista sem aðildarríkin nota við skýrslugerð skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 259/93(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 1456)

(1999/412/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 41. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ⁽²⁾, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 er gerð krafa um að fyrir lok hvers almanaksárs skuli aðildarríkin semja skýrslu í samræmi við 3. mgr. 13. gr. Basel-samningsins og senda hana til skrifstofu Basel-samningsins og afrit af henni til framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Í 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, á grundvelli þessara skýrslna, semja skýrslu á þriggja ára fresti um beitingu þeirrar reglugerðar af hálfu bandalagsins og aðildarríkja þess.
- 3) Í 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin geti beðið um viðbótarupplýsingar til að nota við samningu skýrslunnar í samræmi við 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE.
- 4) Næsta þriggja ára skýrsla tekur til tímabilsins frá 2000 til 2002 að báðum árum meðtöldum.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Spurningalistinn, sem fylgir þessari ákvörðun og varðar reglugerð (EBE) nr. 259/93, er hér með samþykktur.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu nota meðfylgjandi spurningalista sem viðbót til að miðla framkvæmdastjórninni árlegum upplýsingum umfram þá skyldu, sem á þeim hvílir skv. 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (EBE) 259/93, að senda framkvæmdastjórninni afrit af árlegu skýrslunni skv. 3. mgr. 13. gr. Basel-samningsins.

2. Upplýsingarnar, sem veittar eru árlega á grundvelli þessa spurningalista, skulu sendar fyrir lok hvers almanaksárs og gilda fyrir næstliðið almanaksár. Fyrsta skýrslan, sem byggist á þessum spurningalista, skal taka til upplýsinga fyrir árið 2000 og hún skal lögð fram fyrir árslok 2001.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal endurskoðuð árið 2004 í ljósi þeirrar reynslu af beitingu reglugerðar (EBE) nr. 259/93 sem fram kemur í þeim skýrslum sem lagðar hafa verið fram í samræmi við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 156, 23.6.1999, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júní 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

Upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að andmæla kerfisbundið flutningi á úrgangi milli aðildarríkja

Til að framkvæma nánarregluna og meginreglurnar um að setja endurnýtingu og sjálfsnægtir í forgang á vettvangi bandalagsins og innanlands í samræmi við tilskipun 75/442/EBE

Hefur þessum ákvæðum verið beitt? Já Nei

(Hakið við ✓eftir því sem við á)

Ef svarið er „já“ skal veita nánari upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið:

.....
.....
.....
.....
.....
.....

Aðrar athugasemdir:

.....
.....
.....

ii-liður a-liðar í 3. mgr. 4. gr. og iii-liður a-liðar í 3. mgr. 4. gr.

Upplýsingar um undantekningar frá framkvæmd nánarreglunnar og meginreglnanna um að setja endurnýtingu og sjálfsnægtir í forgang

Ef hættulegur úrgangur fellur til árlega í svo litlu magni í sendingaraðildarríki að uppsetning nýrra sérhæfðra förgunarstöðva í viðkomandi ríki yrði óhagkvæm

Hefur eitthvert aðildarríki verið beðið um að beita þessu undantekningarákvæði? Já Nei

(Hakið við ✓eftir því sem við á)

Ef svarið er „já“ skal fylla út töflu 3 og veita upplýsingar um hvers kyns tvíhliða lausnir sem fundist hafa skv. iii-lið a-liðar í 3. mgr. 4. gr.

.....
.....
.....
.....
.....
.....

Hefur beiðni borist frá einhverju aðildarríki um að beita þessu undantekningarákvæði?

(Hakið við ✓eftir því sem við á)

Ef svarið er „já“ skal fylla út töflu 3 og veita upplýsingar um hvers kyns tvíhliða lausnir sem fundist hafa skv. iii-lið a-liðar í 3. mgr. 4. gr.

.....
.....
.....
.....

b-liður 3. mgr. 4. gr.	<p>Upplýsingar um andmæli við fyrirhuguðum flutningi sökum þess að hann er ekki í samræmi við tilskipun 75/442/EBE</p> <p>Hefur þessum ákvæðum verið beitt? Já Nei</p> <p style="text-align: center;"><i>(Hakið við ✓eftir því sem við á)</i> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>Ef svarið er „já“ skal fylla út töflu 4.</p>
1. og 2. mgr. 9. gr.	<p>Upplýsingar um ákvarðanir, teknar af lögbærum yfirvöldum, sem hafa lögsögu yfir sérstökum endurnýtingarstöðvum, um að leggja ekki fram andmæli gegn flutningi tiltekinna tegunda úrgangs til sérstakrar endurnýtingarstöðvar</p> <p>Hefur slíkt tilvik komið upp? Já Nei</p> <p style="text-align: center;"><i>(Hakið við ✓eftir því sem við á)</i> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>Ef svarið er „já“ skal fylla út töflu 5.</p>
13. gr.	<p>Upplýsingar um kerfi aðildarríkjanna til að hafa umsjón og eftirlit með flutningi á úrgangi á yfirráðasvæði þeirra</p> <p>Er til kerfi til að hafa umsjón og eftirlit með flutningi á úrgangi innanlands?</p> <p style="text-align: right;">Já Nei</p> <p style="text-align: center;"><i>(Hakið við ✓eftir því sem við á)</i> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>Ef slíkt kerfi er til er þá notað það kerfi sem kveðið er á um í II., VII. og VIII. bálki reglugerðarinnar?</p> <p style="text-align: right;">Já Nei</p> <p style="text-align: center;"><i>(Hakið við ✓eftir því sem við á)</i> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>Ef annað kerfi er notað en það kerfi sem kveðið er á um í II., VII. og VIII. bálki reglugerðarinnar skal veita frekari upplýsingar um það:</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p>
26. gr.	<p>Upplýsingar um ólöglegan flutning á úrgangi</p> <p>Hefur slíkt tilvik komið upp? Já Nei</p> <p style="text-align: center;"><i>(Hakið við ✓eftir því sem við á)</i> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/></p> <p>Ef svarið er „já“ skal fylla út töflu 6.</p> <p>Veita skal upplýsingar um það hvernig banni við ólöglegum flutningi á úrgangi og viðurlögum við honum er hátað í innlendra löggjöf samkvæmt þessari grein:</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p>

<p>27. gr.</p>	<p>Upplýsingar um fjárhagslega ábyrgð eða sambærilega tryggingu sem nægja skal fyrir kostnaði við flutning á úrgangi, sem fellur undir þessa reglugerð, þ.m.t. tilvik sem um getur í 25. og 26. gr., svo og kostnaði við förgun eða endurnýtingu</p> <p>Lýsa skal nánar því innlenda kerfi sem sett er á laggimar samkvæmt þessari grein:</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	
<p>1. mgr. 39. gr.</p>	<p>Upplýsingar um tollstöðvar sem aðildarríkin tilnefna vegna flutnings á úrgangi inn og út úr bandalaginu</p>	<p>Fyllið út töflu 7</p>

Athugasemd vegna útfyllingar taflnanna:

D- og R-kóðarnir eru þeir sem um getur í II. viðauka A og II. viðauka B við tilskipun 75/442/EBE, með áorðnum breytingum.

Úrgangskóðarnir eru þeir sem um getur í II. til IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93, með áorðnum breytingum.

